

HUGSUN, MINNI OG TUNGUMÁL

E-415-HUMT



Ár: 2. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda.

Undanfarar: E-215-HSKY Hugræn sálfræði og skynjunarsálfræði.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Kamilla Rún Jóhannsdóttir.

Lýsing: Í þessu námskeiði verður fjallað um móttöku, varðveislu og endurheimt upplýsinga í minni og virkni og uppbyggingu hugkerfa eins og athygli og vinnsluminni. Þá verður fjallað ítarlega um rökhugsun, verkefnalausn og dómgreind, hugræna tákun í mannlegri hugsun, áhrif tilfinninga á hugarstarf og hreyfihugsun. Áhersla er lögð á að kynna nýjustu líkön og kenningar fyrir nemendum.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Útskýrt helstu hugtök og hugarferli innan hugfræðinnar.
- Útskýrt vinnslu þekkingar í tengslum við athygli, nám og minni.
- Nefnt og útskýrt helstu kenningar og hugtök sem fjalla um hugræna starfsemi.
- Greint á milli og borið saman kenningar.
- Skýrt frá rannsóknaraðferðum í hugfræði og þeirri tækni sem notuð er við rannsóknir og kenningasmíði

Leikni

- Greint veikleika og styrkleika ákveðinnar hugmyndar/kenningar í hugfræði.
- Gagnrýnt hugtök, kenningar, og aðferðir í hugfræði.

Hæfni

- Nýtt aðferðir og þekkingu hugfræðinnar til þess að hanna nýjar rannsóknir.
- Metið hvenær (og hvernig) frekari rannsókna er þörf.
- Séð fyrir hvaða spurningum er enn ósvarað og fundið leiðir til þess að svara þessum spurningum.

Námsmat: Próf og skrifleg verkefni.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.